

1. FEBRÚAR
2024

HARPA
ELDBORG

Grosvenor leikur Busoni

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Sinfónía: 15'

Konsert: 65'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Grosvenor leikur Busoni

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 1. FEBRÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis
hljómsveitarstjóri

Benjamin Grosvenor
einleikari

Karлакórinn Fóstbræður

Árni Harðarson
kórstjóri

Sergej Prokofjev

Sinfónía nr. 1, „Klassíska sinfónían“ (1916–17)

Allegro

Larghetto

Gavotta: Non troppo allegro

Finale: Molto vivace

Hlé

Ferruccio Busoni

Konsert fyrir píanó og hljómsveit með karlakór, op. 39
(1901–04)

I Prologo e Introito. Allegro, dolce e solenne

II Pezzo giocoso. Vivacamente, ma senza fretta

III Pezzo serio

Introductio. Andante sostenuto, pensoso

Prima pars. Andante, quasi adagio

Altera pars. Sommessamente

Ultima pars. A tempo

IV All'Italiana, Tarantella. Vivace, in un tempo

V Cantico. Largamente

Söngtexta og þýðingar má finna á bls. 10

For information in English about
tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Kornilios Michailidis

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis stundaði píanónám við École Normale de Musique í París og við Indiana-háskóla í Bandaríkjunum og lauk síðan meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademiuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita, þar á meðal Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað *Töfraflautu* Mozarts og *Nixon í Kína* eftir Adams við Teatro Real í Madrid sem og *Falstaff* eftir Verdi og *La clemenza di Tito* eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni *Only the Sound Remains* eftir Kaiju Saariaho.

Michailidis hefur einnig komið víða fram sem píanóleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu og ásamt fiðluleikurunum Sergej Krylov og Valerij Sokolov. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.

Kornilios Michailidis var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22.



Benjamin Grosvenor

EINLEIKARI

Bretinn Benjamin Grosvenor er með athyglisverðustu píanistum sem komið hafa fram á undanförunum áratugum. Hann er þekktur fyrir fágaðan, ljóðrænan leik og í túlkun hans þykir ríkja hið fullkomna jafnvægi tækni og músíkalskrar tjáningar.

Grosvenor stundaði nám við Royal Academy of Music í Lundúnum og útskrifaðist þaðan 2012 með sérstakri viðurkenningu. Sama ár útnefndi tímaritið *Gramophone* hann Young Artist of the Year og fleiri viðurkenningar fylgdu í kjölfarið. Hann kom fyrst fram á Proms, tónlistarhátíð Breska útvarpsins (BBC), árið 2011 og hefur síðan verið reglulegur gestur á hátíðinni. Grosvenor hefur leikið með ýmsum hljómsveitum austan hafs og vestan og unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Marin Alsop, Paavo Järvi, Elim Chan, Semyon Bychkov, Riccardo Chailly, Nathalie Stutzman, Mark Elder og Esa-Pekka Salonen. Hann mun leika Busoni konsertinni með Þýsku símfóníuhljómsveitinni í Berlín í lok þessa mánaðar undir stjórn Robins Ticciati og kemur seinna á starfsárinu fram með Fílharmoníusveitinni í Liège, Símfóníuhljómsveitinni í Birmingham, Gürzenich-hljómsveitinni í Köln og Símfóníuhljómsveitinni í Pittsburgh, svo eitthvað sé nefnt.

Auk þess að koma fram með hljómsveitum heldur Benjamin Grosvenor árlega fjölda einleikstónleika. Hann lék nýverið á tónleikum í Luzern í Sviss þar sem hann frumflutti nýtt verk eftir ástralska tónskáldið Brett Dean, auk þess að leika verk eftir Chopin og Liszt, og framundan eru m.a. tónleikar í Chicago, París, Mílanó, Köln og Darmstadt.

Grosvenor hljóðritar fyrir Decca Classics útgáfufyrirtækið. Hann hefur á nýliðnum árum sent frá sér plötur með verkum eftir Chopin (2020), Liszt (2021) og Schumann og Brahms (2023) sem allar hafa hlotið eindæma góðar viðtökur.



Karлакórinn Fóstbræður

Karлакórinn Fóstbræður er sá karlakór Íslands sem á lengstan samfelldan starfsaldur að baki en kórinn hefur starfað frá haustinu 1916. Þá tók Jón Halldórsson við söngstjórn söngfélags sem hafði verið starfrækt frá 1911 innan vébanda KFUM og kenndi kórinn sig við þann félagsskap til ársloka 1936 þegar hann tók upp nafnið Fóstbræður. Leiðir Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Fóstbræðra lágu fyrst saman við uppfærslu Þjóðleikhússins á óperunni *Rigoletto* eftir Verdi árið 1951. Af þeim verkum sem kórinn hefur flutt með hljómsveitinni má nefna *Il trovatore* eftir Verdi (1956), *Alþingishátíðarkantötu* eftir Pál Ísólffsson (1968), *Oedipus Rex* eftir Stravinskíj (1971 og 2004), *Brymskviðu* eftir Jón Ásgeirsson (1975), Sinfóníu nr. 13, *Babí Jar*, eftir Shostakovítsj (1990, 2002 og 2006) *Kullervo* eftir Sibelius ásamt Karlakór Reykjavíkur (2015) og *Alt-rapsódíu* eftir Brahms (2016).



Árni Harðarson

KÓRSTJÓRI

Árni Harðarson hefur stjórnað Fóstbræðrum frá árinu 1991. Hann lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Kópavogs og hélt eftir það til framhaldsnáms í píanóleik og tónsmíðum við Royal College of Music í Lundúnum þaðan sem hann lauk einleikarprófi árið 1983. Hann hefur síðan verið virkur í íslensku tónlistarlífi bæði sem tónskáld og stjórnandi kóra og hljómsveita. Tónsmíðar Árna hafa einkum verið á sviði kór- og leikhústónlistar. Þá hefur hann unnið að félagsmálum tónskálda og kórstjóra, m.a. sem formaður Tónskáldafélags Íslands 1995–98 og stjórnarmaður í Félagi íslenskra kórstjóra 2010–14. Árni hefur verið skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs frá árinu 2000.



Sergej Prokofiev

KLASSÍSKA SINFÓNÍAN

Árið 1917 ólgaði Rússland af pólitískri spennu og átökum, ekki síst í Petrograd (nú Sankti Pétursborg), heimaborg Sergejs Prokofiev (1891–1953). Þar sauð uppúr í febrúar með verkföllum og mótmælum og eftir nokkurra mánaða millibilsástand undir bráðabirgðastjórn náðu bolsévikar að koma fram byltingu síðla hausts. Á þessari stormasömu tíð dvaldist Prokofiev að mestu utan borgarinnar og fór hamförum í tónsmíðum enda þótt áætlaður flutningur verkanna lenti iðulega í útideyfu vegna þjóðfélagsástandsins. Meðal þeirra tónsmíða sem hann lauk við á þessum mánuðum eru verk jafn ólíkrar gerðar og *Visions fugitives* fyrir píanó, kantatan *Sjö, þau eru sjö!* og svo fyrri fiðlukonsertinn og fyrsta sinfónían. Þau síðasttöldu teljast til nýklassískra verka Prokofievs og heitið Klassíska sinfónían er frá honum sjálfum komið. Hann hafði einsett sér að semja sinfóníu í stíl Josephs Haydn eins og hann lýsti síðar: „Ef Haydn hefði lifað fram á okkar daga, hugsaði ég með mér, þá hefði hann haldið sínum tónsmíðastíl en jafnframt orðið fyrir áhrifum af ýmsum nýjungum. Þannig sinfóníu langaði mig að semja: sinfóníu í klassískum stíl.“

Sinfónían, sem er í hinum bjarta D-dúr, er styst en jafnframt ástsælust af öllum sinfóníum Prokofievs. Hún er skrifuð fyrir fremur litla hljómsveit eins og þær tíðkuðust á 18. öld og er í hefðbundnum fjórum þáttum, þó með þeirri undantekningu að þriðji þátturinn er ekki menúett, eins og venja var, heldur örstutt gavotta með sveitalegan sjarma. Í verkinu fylgir Prokofiev að verulegu leyti venjum klassíska tímans um kynningu, úrvinnslu og ítrekun stefja en kemur okkur þó stundum á óvart, til dæmis í tóntegundaskiptum, eins og til að minna á sinn eigin tíma. Útþættirnir geisla af fjöri og kalla á virtúóískt spil af hálfu hljómsveitarinnar á meðan hinn hægi annar þáttur sýnir lýriska gáfu tónskáldsins í allri sinni dýrð.

Tónlistin á Íslandi

Klassíska sinfónía Prokofievs hljómaði fremur oft á tónleikum SÍ á árum áður. Victor Urbancic stjórnaði fyrsta flutningi hennar á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1951 og síðan hefur hún ratað yfir 20 sinnum á dagskrá hljómsveitarinnar, m.a. undir stjórn Vladimirs Ashkenazy (1973 og 1974), Jean-Pierres Jacquillat (1984) og Keri-Lynn Wilson (1997). Sinfónían hefur einungis hljómað einu sinni áður í nýjum heimkynnum hljómsveitarinnar í Eldborg. Það var árið 2016 þegar Gennadíj Rostdestvenskíj hélt um sprotann. Áður hafði verkið þó heyrst í Hörpu því Anna Guðný Guðmundsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson léku það í umritun fyrir tvö píanó á tónlistarhátíðinni Reykjavík Midsummer Music árið 2013.



Ferruccio Busoni

KONSERT FYRIR PÍANÓ OG HLJÓMSVEIT MEÐ KARLAKÓR, OP. 39

Ferruccio Dante Michelangiolo Benvenuto Busoni (1866–1924) er tónleikagestum ef til vill fyrst og fremst kunnur fyrir umritanir sínar á verkum Johanns Sebastians Bach. Busoni var afburða píanóleikari og ferðaðist víða um Evrópu og Norður-Ameríku til tónleikahalds. Hann gerði gjarnan eigin umritanir á verkum annarra tónskálda og hrifnum áheyrendum fannst eins og hann allt að því endurskapaði þau á staðnum. En sköpunargáfa Busonis náði lengra því hann var einnig metnaðarfullur höfundur eigin verka og hafði frjóar og stundum mótsagnakenndar hugmyndir um tónsmíðar sem um margt endurspegla hræringar í menningu og listum í upphafi 20. aldar.

Busoni hóf tónlistarnám á unga aldri og var aðeins átta ára þegar hann fór að leika á píanó fyrir áheyrendur. Hann var einkabarn foreldra sinna sem bæði voru tónlistarmenn. Móðirin, sem var af þýskum ættum, lék á píanó en faðirinn var ítalskur klarinettuleikari. Fjölskyldan bjó fyrstu árin í Trieste við Adríahafið en fluttist til Graz í Austurríki árið 1876 þar sem Busoni hóf tónsmíðanám hjá Wilhelm Mayer og gaf út sín fyrstu verk. Mayer hafði Bach og Mozart í miklum metum en kunní lítt að meta yngri tónskáld eins og Brahms og Wagner. Í þessu hafði hann áreiðanlega áhrif á hinn unga nemanda sinn, því enda þótt Busoni ætti eftir að kynna bæði Johannesi Brahms, Jean Sibelius og Arnold Schönberg persónulega og verða fyrir ýmsum áhrifum af nýrri tónlist þá boðaði hann í sinni fagurfræði afturhvarf til hreinna forma og tærrar músíkalskrar tjáningar Bachs og Mozarts.

Árið 1894 settist Busoni að í Berlín og lagði þaðan upp í löng tónleikaferðalög um Evrópu og Norður-Ameríku. Linnulaus ferðalög gáfu honum lítinn tíma til tónsmíða en þó tókst honum á árunum 1901–1904 að semja píanókonsert sem sprengdi form slíkra verka er varðaði lengd og umfang. Busoni hafði alla tíð mikinn áhuga á

Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur
píanókonerts Busonis á
Íslandi.

byggingarlist og á að hafa sagt að ef hann hefði ekki fæðst inn í tónlistarfjölskyldu og verið skikkaður í músík þá hefði hann viljað nema arkitektúr. Hann líkti píanókonertinum sínum við skýjakljúf, þar er á ferð nútímalegt verk sem vísar þó til stórvirkja fyrri tíma, líkt og hinir nýju amerísku skýjakljúfar kölluðust á við gotneskar dómkirkjur Evrópu. Formgerð konsertsins lýsti hann á þann veg að stóru kaflarnir þrír, sá fyrsti, þriðji og fimmti, væru eins og þrjár byggingar. Sú fyrsta er grískt hof og sólarupprás að baki því, í miðjunni er egypskur píramídi með sfinxi en sú þriðja minnir á mosku með hvelfdu þaki. Á milli bygginganna eru náttúrumótíf sem kallast á við annan og fjórða þátt konsertsins. Annars vegar eru það framandi jurtir og töfrafugl sem endurspeglast í öðrum þætti; hins vegar eldfjall (Vesúvíus) og síprustré sem svara til ítölsku tarantellunnar í fjórða þætti. Listamaðurinn Heinrich Vogeler dró upp þessa sýn Busonis og var teikningin prentuð í raddskrá verksins, sjá næstu blaðsíðu.

Enda þótt Busoni hafi dáð tónsmíðar Mozarts og hvatt til þess að tónskáld sæktu fyrirmyndir til hans er píanókonertinn langt frá konsertum klassíska tímans í formi. Hér er ekki klassísk verkaskipting milli einleikara og hljómsveitar heldur leggur píanóið ríkulegan skerf til hins símfóníska vefnaðar; verkið er m.ö.o. meira í ætt við símfóníu en einleikskonert. Það gerir þó ekki litlar kröfur til píanóleikarans sem þarf á öllu sínu að halda til að standast hljómsveitinni snúning.

Í lokapætti verksins teflir Busoni fram sex radda karlakór sem syngur að hluta til baksviðs. Texti kórkaflans er sóttur í leikritið *Aladdín* eftir danska skáldið Adam Oehlenschläger en leikritið byggði hann á sögu úr arabíska sagnasafninu *Þúsund og einni nótt*.

Svanhildur Óskarsdóttir



Teikning Heinrichs Vogeler af formgerð pianókonsertsins

Hebt zu der ewigen Kraft eure Herzen

Úr „Aladdin“

[„Die Felsensäulen fangen an tief
und leise zu ertönen.“]

Hebt zu der ewigen Kraft eure Herzen;
Fühlet euch Allah nah', schaut seine Tat!
Wechseln im Erdenlicht Freuden und Schmerzen;
Ruhig hier stehen die Pfeiler der Welt.
Tausend und Tausend und abermals tausende
Jahre so ruhig wie jetzt in der Kraft,
Blitzen gediegen mit Glanz und mit Festigkeit,
Die Unverwüstlichkeit stellen sie dar.

Herzen erglüheten, Herzen erkalteten,
Spielend umwechselten Leben und Tod.
Aber in ruhigen Harren sie dehnten sich
Herrlich, kräftiglich, früh so wie spät.
Hebt zu der ewigen Kraft eure Herzen
Fühlet euch Allah nah', schaut seine Tat!
Vollends belebet ist jetzo die tote Welt.
Preisend die Göttlichkeit, schweigt das Gedicht!

Adam Oehlenschläger

Lyftið hjörtum yðar upp til hins eilífa afls

Úr „Aladdin“

[„Klettasúlurnar byrja að hljóma djúpt
og hljóðlega.“]

Lyftið hjörtum yðar upp til hins eilífa afls;
finnið Allah í nánd yðar, lítið á verk hans!
Í ljósi jarðar skiptast á gleði og sársauki;
hér standa kyrrlátar stoðir veraldarinnar.
Þúsundir þúsunda og aftur þúsundir
ára jafnkyrrlátar og nú í ofurafli,
blika traustar í ljóma og festu,
þær standa fyrir ótortímanleikann.

Hjörtu glóðu, hjörtu kólnuðu,
líf og dauði skiptust á í leik.
En í kyrrlátri bið breiddust þær út
dýrðlegar, öflugar, jafnt snemma sem seint.
Lyftið hjörtum yðar upp til hins eilífa afls;
finnið Allah í nánd yðar, lítið á verk hans!
Nú er hin dauða veröld aftur vöknud til lífs.
Kvæðið þagnar, lofandi guðdóminn!

Íslenska þýðingu gerði Reynir Axelsson

Karлакórinн Fóstbræður

1. tenor

Bjarki Þór Bjarnason
Björn Jónsson
Daði Már Guðmundsson
Guðmundur Jón Stefánsson
Guðmundur R. Benediktsson
Jóhannes B. Sigtryggsson
Jón Viðar Arnórsson
Ólafur A. Jónsson
Ragnar Már Magnússon
Ragnar Árni Sigurðarson
Reynir Þormar Þórisson
Sverrir Jónsson
Þráinn Sigurðsson

2. tenor

Alexander Ó. B. Kristjánsson
Árni Kjartansson
Dieudonné Gerritsen
Geir Gunnlaugsson
Gestur Helgason
Guðmundur Valsson
Halldór Hauksson
Hannes Snorrason
Hermundur Hannesson
Hjörtur Þorgeirsson
Jóhann Vilhjálmsson
Jón Steinar Jónsson
Páll Viðar Jónsson
Skarphéðinn Berg Steinarsson
Stefán Már Sturluson
Sveinn Hólmar Guðmundsson

1. bassi

Agnar Óskarsson
Andri Egilsson
Andrés Fjeldsted
Birgir Guðmundsson
Eiríkur Jónsson
Hafliði Helgason
Halldór Þórarinnsson
Kristján Þór Magnússon
Ólafur Héðinn Friðjónsson
Óskar Smári Haraldsson
Ragnar Marteinsson
Smári Ríkarðsson
Vilhjálmur Jens Árnason
Þorsteinn Fransson

2. bassi

Arnór Þórir Sigfússon
Árni Vilhjálmsson
Gunnar Már Jóhannsson
Gunnar Reynarsson
Hafliði Örn Ólafsson
Hjálmur Gunnarsson
Hróbjartur Óskarsson
Júlíus B. Kristinsson
Magnús Ástvaldsson
Marteinn Jóhannesson
Ragnar Magnússon
Sigurður Þ. Jakobsson
Sigurjón Helgason
Smári S. Sigurðsson
Stefán Árni Einarsson
Stefán Már Halldórsson
Vignir Björnsson

Á döfinni

08.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Mendelssohn og Beethoven

Ísraelski fiðluleikarinn Vadim Gluzman er meðal fremstu fiðluleikara samtímans og þekktur fyrir að blása nýjum lífsanda í verk frá gullöld fiðlubókmenntanna á 19. og 20. öld. Á þessum tónleikum leikur hann hinn sívinsæla fiðlukonsert Mendelssohns í e-moll, þann síðasta sem Mendelssohn lauk við á sinni skömmu ævi. Sinfónía Beethovens nr. 8 er ein af hans fjörmestu tónsmíðum, full af gleði og gáska, og taldi Beethoven sjálfur hana meðal sinna bestu verka.

Til viðbótar við þessi þýsku öndvegisverk frá 19. öld hljóma á tónleikum tvö bandarísk verk af nýstárlegri toga. Það eru Sinfónía nr. 3 eftir Charles Ives sem samin var árið 1904 en lá í skúffu tónskáldsins í ríflega 40 ár áður en hún var frumflutt og verk eftir Caroline Shaw fyrir strengjasveit, innblásið af menúetti eftir Haydn og kallast skemmtilega á við hefð Vínarklassíkurinnar.

22.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Nielsen og Schumann

Carl Nielsen hafði háleit markmið þegar hann hóf að semja sinn dramatíska Fiðlukonsert sumarið 1911. „Þetta verður að vera góð tónlist en þó má aldrei missa sjónar á einleikshljóðfærinu sem þarf að sýna í besta hugsanlega ljósi. Verkið þarf að vera innihaldsríkt en þó ná vinsældum almennings, það þarf að vera glæsilegt án þess að verða yfirborðskennt. Allar þessar þversagnir þarf að leiða til lykta í æðri samhljómi.“ Á þessum tónleikum hljómar þetta hrífandi verk í túlkun Veru Panitch, annars konsertmeistara hljómsveitarinnar.

Þriðja sinfónía Schumanns er sannkallað meistaraverk, innblásið af fegurð Rínarlanda og samið á aðeins fimm vikum, skömmu eftir að tónskáldið flutti með fjölskyldu sína til Düsseldorf. Í verkinu takast á frjó nýsköpun og formræn fastheldni en undir öllu krauma heitar tilfinningar. Tónleikarnir hefjast á æsilegri þjóðlagafantasíu György Ligeti fyrir hljómsveit, Concert Românesc, þar sem fjörleg alþýðutónlist úr uppvaxtarhéraði tónskáldsins, Transylvaníu, fær nýja vængi í útsetningu fyrir heila sinfóníuhljómsveit.

Píanókonsertar á döfinni

14.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30



Kozhukhin leikur Brahms

Rússneski píanóleikarinn Denis Kozhukhin er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur en flutningur hans á öðrum píanókonserti Prokofíev með sveitinni í febrúar 2019 var að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins „einhver mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu“. Nú bjóðum við Kozhukhin aftur velkominn á svið Eldborgar til þess að leika hinn stórbrotna fyrri píanókonsert Johannesar Brahms. Konsertinn er geysistór í sniðum og innblásinn af sterkum tilfinningum hins unga Brahms í garð hjónanna Clóru og Roberts Schumann.

Hafliði Hallgrímsson hefur verið í fremstu röð íslenskra tónskálda um áratugabil og á að baki fjölbreyttan og glæsilegan feril, bæði sem tónskáld og sem sellóleikari. Það er sérstakt gleðiefni að geta frumflutt nýtt hljómsveitarverk eftir Hafliða, sem fagnaði átttræðisafmæli haustið 2021. Tónleikarnir hefjast á hinni fjörmiklu þriðju símfóníu Schuberts, verki sem tónskáldið samdi átján ára gamall á tímabili ótrúlegrar sköpunargleði.

21.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30



Mozart og Bruckner

Píanókonsert Mozarts í d moll K466 er einn af áhrifamestu píanó-konsertum tónskáldsins, djúphugul og dramatísk tónsmíð sem var í sérstöku eftirlæti hjá rómantísku kynslóðinni sem á eftir kom. Spænski píanóleikarinn Javier Perianes býr yfir „einstakri samsetningu af hógværd og algerrí snilld“ (Sunday Times) og hefur hlotið frábæra dóma fyrir næma og tæknilega óaðfínanlega túlkun sína á verkum Mozarts.

Niunda og síðasta símfónía Bruckner er sömuleiðis óvenjulega persónuleg og leit tónskáldið á hana sem rökréttan endapunkt ævistarfs síns. Hann tileinkaði verkið Drottni sjálfum en trúin var tónskáldinu ætíð nálæg og hafa margir lýst hinum magnþrungnu símfóníum hans sem íburðarmiklum dómkirkjum úr tónum. Þverrandi heilsa kom að lokum í veg fyrir að hann gæti fullklárað fjórða og síðasta þátt símfóníunnar en hér hljómar hún eins og Bruckner gekk sjálfur frá henni, í þremur heildstæðum og áhrifamiklum þáttum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Joanna Bauer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Geirþrúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Pétur Björnsson
Hekla Finnsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víóla

Rita Porfiris
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Hrafn Marinó Thorarensen
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækniamaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS